

AUGLÝSING

um deiliskipulag íbúðarbyggðar í landi Borgar og Eyrartúns, Þykkvabæ, Rangárþingi ytra.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, gr. 25, samþykkti hreppsnefnd Rangárþings ytra á fundi sínum 10. október 2007, deiliskipulag 19 íbúðarhúsalóða og einnar þjónustulóðar í landi Borgar og Eyrartúns, Þykkvabæ, Rangárþingi ytra.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 19. september 2008.

F.h. hreppsnefndar Rangárþings ytra,

Rúnar Guðmundsson,

byggingar- og skipulagsfulltrúi Rangárþings bs.

B-deild – Útgáfud.: 19. september 2008